

**Kalka
sorpeyðingarstöð sf.
Ársreikningur
2022**

Kalka sorpeyðingarstöð sf.
Berghólabraut 7
230 Reykjanessbær
kt. 531278-0469

**Kalka
sorpeyðingarstöð sf.
Ársreikningur
2022**

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2-3
Áritun óháðra endurskoðenda	4-5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-13

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tilgangur félagsins er m.a. rekstur sorpbrennslu-og móttökustöðvar í Reykjanesbæ og rekstur gámaplana í Vogum og Grindavík.

Starfsemin á árinu

Hagnaður félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	162.695.266
Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	1.538.127.119
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	804.350.503
Eiginfjárhluftfall félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	52%
Fjöldi ársverka á árinu nam.....	19,95

Á heildina litið getur reksturinn 2022 talist viðunandi þrátt fyrir nokkur skakrafólli. Brennt var um 11.700 tonnum á árinu eða tæpum 1000 tonnum minna en árið áður. Brennslan var þó yfir meðalbrennslu síðstu 10 ára. Í mars í fyrra varð eldsvoði á næstu líð við Kölku sem hafði í för með sér bilanir og rekstrartruflanir í brennslunni. Í nóvember urðu frostskemmdir á búnaði svo til þess að brennsla lá niðri í um tvær vikur eða þar til gangsett var með bráðabirgðalausn og brennt á skertum afköstum. Hefðu þessi tvö atvik ekki komið upp hefði brennt magn væntanlega orðið nýtt met í rekstrarsögu brennslunnar.

Þrátt fyrir þetta gekk vel að fá gott efni til brennslu og tekjur af brennslu fyrir aðra viðskiptavini en sveitarfélög á Suðurnesjum hækkuðu um 60 milljónir króna miðað við árið 2021. Þrátt fyrir miklar hækkanir á gjaldskrá urðunaraðila tókst að halda urðunarkostnaði í skefjum, m.a. með betri heimtum á efnum til endurvinnslu.

Launakostnaður, í krónum talið, stóð í stað milli áranna 2021 og 2022 meðan launavísitala hækkaði um 9%. Mikill árangur hefur náðst í að uppræta sóun í verkferlum og sparnaður í gagnainnislætti nemur næri einu stöðugildi samanborið við eldra verklag. Stjórn Kölku fjallaði um skipurit fyrirtækisins á síðasta ári og samþykkti viðbætur við mannafla en þær tengast nýjum verkefnum og aukinni flokkun á efnum sem berast til Kölku.

Í samræmi við áherslur stjórnar á gott ástand stöðvarinnar voru viðhaldsverkefni síðasta árs talsvert umfangsmikil. Stærsta einstaka viðhaldsverkefnið var endurnýjun á eldmúr eftirbrennslunnar. Auk viðhaldsverkefna var áfram unnið að því að bæta aðstöðu í Helguvík, Grindavík og Vogum.

Mikil áhersla var lögð á undirbúnung breytinga á söfnun og flokkun úrgangs í kjölfar lagabreytinga. Kalka beitti sér m.a. á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga, samstarfsvettvangi sveitarfélaganna á SV horninu og FENÚR, félags um endurnýtingu úrgangs. Ljóst er að efnisstraumar til brennslu eru að breytast og því hefur verið unnið að prófunum á brennsluefnum til að vega upp á móti breytri samsetningu heimilisúrgangs í framtíðinni.

Hluthafar

Í lok árs voru jafn margir eignaraðilar félagsins og í byrjun árs eða fjórir að tölu, sem eru:

	Hlutdeild
Reykjanesbær	73,09%
Suðurnesjabær	11,45%
Grindavíkurbær.....	10,45%
Sveitarfélagið Vogar.....	5,01%
	100,0%

Tillaga til aðalfundar

Markmið stjórnar Kölku er að styrkja eiginfjárstöðu félagsins um a.m.k. 3% á ári. Það er gert með viðhaldi og endurfjárfestingu sem fjármagnað er af rekstrarafgangi og með því að greiða niður lán. Einnig er það mat stjórnar félagsins að framundan séu kostnaðarsamar breytingar á sorphirðu og ráðstöfun úrgangs auk þess sem rík þörf sé fyrir stór viðhaldsverkefni á komandi árum. Stjórn félagsins leggur því til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs, en víesar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Skýrsla stjórnar

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 11. apríl 2023

Í stjórn

Ingþór Guðmundsson
Stjórnarformaður

K. Ragnheiður Eiríksdóttir
Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir

Svavar Grétarsson

Önundur Jónasson
Önundur Jónasson

Eiður Ævarsson

Framkvæmdastjóri

Steinþór Þórðarson

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Kölku sorpeyðingarstöð sf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Kölku sorpeyðingarstöð sf. í samræmi við alþjóðlegar síðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvisandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarnarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarfum við að víkja frá fyrirvara lausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

Áritun óháðra endurskoðenda

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjanesbær 11. apríl 2023

Deloitte ehf.

Birna María Sigurðardóttir Kristján Þór Ragnarsson
Birna María Sigurðardóttir Kristján Þór Ragnarsson
endurskoðandi endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekur			
Sorpeyðing		711.052.864	633.570.429
Sorphirðutekjur		227.051.199	207.516.012
Greiðslur vegna endurvinnslu		11.412.660	12.985.403
Aðrar tekjur		20.958.278	4.757.832
		<u>970.475.001</u>	<u>858.829.676</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	(326.735.401)	(300.732.002)
Rekstur sorpeyðingarstöðvar		(117.671.859)	(96.869.498)
Aðkeypt sorpeyðing		(93.279.719)	(78.015.745)
Rekstur sorphirðingar		(125.661.970)	(112.690.546)
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		(10.994.202)	(13.855.265)
Afskriftir fastafjármuna	6	(61.597.876)	(52.070.938)
		<u>234.533.974</u>	<u>204.595.682</u>
Rekstrarhagnaður			
Fjármunatekjur		9.775.022	957.800
Fjármagnsgjöld		(81.613.730)	(51.245.567)
	5	(71.838.708)	(50.287.767)
		<u>162.695.266</u>	<u>154.307.915</u>
Hagnaður ársins			

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	1.182.380.314	1.141.490.393
Eignarhlutar í dótturfélögum	7	500.000	500.000
		1.182.880.314	1.141.990.393
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		17.366.551	11.789.026
Viðskiptakröfur		35.067.221	37.310.265
Kröfur á tengd félög	10	1.444.372	174.603
Aðrar skammtímakröffur		35.000	0
Handbært fé		301.333.661	204.377.639
		355.246.805	253.651.533
Eignir		1.538.127.119	1.395.641.926
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Stofnframlög sveitarfélaga	8	200.050.000	200.050.000
Sérstakur endurmatsreikningur		353.637.712	366.670.694
Óráðstafað eigið fé		250.662.791	74.934.543
		804.350.503	641.655.237
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	9	520.272.036	552.354.375
Lífeyrisskuldbinding		92.471.001	84.472.836
		612.743.037	636.827.211
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		54.918.348	33.785.802
Næsta árs afborganir langtímaskulda	9	16.194.394	16.537.759
Skuldir við tengd félög	10	597.593	573.027
Aðrar skammtímaskuldir		49.323.244	66.262.890
		121.033.579	117.159.478
Skuldir		733.776.616	753.986.689
Eigið fé og skuldir		1.538.127.119	1.395.641.926

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		234.533.974	204.595.682
Afskriftir	6	61.597.876	52.070.938
Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna		544.187	466.246
Sölutap fastafjármuna		734.000	0
Hækjun, (lækkun) skuldbindinga		7.998.165	(11.702.075)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		305.408.202	245.430.791
Vörubirgðir, (hækjun)		(5.577.525)	(8.087.426)
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun		1.663.857	1.780.285
Rekstartengdar skuldir, hækjun		4.192.900	19.338.656
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		305.687.434	258.462.306
Innborgaðir vextir og arður		9.775.022	957.800
Greiddir vextir		(24.720.569)	(26.423.711)
Handbært fé frá rekstri		290.741.887	232.996.395
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	6	(103.221.797)	(82.946.464)
Hækjun á kröfum á tengd félög		(1.269.769)	(85.773)
		(104.491.566)	(83.032.237)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(89.318.865)	(58.027.217)
Hækjun/(lækkun) á skuldum við tengd félög		24.566	(4.105)
		(89.294.299)	(58.031.322)
Hækjun handbærs fjár		96.956.022	91.932.836
Handbært fé í upphafi árs		204.377.639	112.444.803
Handbært fé í lok árs		301.333.661	204.377.639

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Kalka sorpeyðingarstöð sf. rekur sorpbrennsluna Kölku og móttökustöð að Berghólabraut 7 í Reykjanesbæ. Félagið hefur auk þess gámaplan í Vogum og Grindavík fyrir úrgang frá heimilum og fyrirtækjum á Suðurnesjum. Kalka sorpeyðingarstöð sf. annast auk þess sorphirðu frá heimilum í samvinnu við verktaka og miðlar flokkuðum úrgangi til endurvinnsluaðila og til brennslu eða urðunar eftir atvikum. Einnig á félagið geymsluhúsnæði að Fitjabraut 10 í Reykjanesbæ.

Kalka sorpeyðingarstöð sf. er í eigu sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Eignarhlutur sveitarfélaganna á árinu 2022 með vísan til 4. greinar sampykkta félagsins var eftirfarandi: Reykjanesbær 73,09%, Suðurnesjabær 11,45%, Grindavíkurbær 10,45% og Sveitarfélagið Vogar 5,01%

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2022	2021
Laun	236.817.508	233.932.342
Hækkun (lækkun) lífeyrisskuldbindingar	7.998.165	(11.702.075)
Önnur launatengd gjöld	81.919.728	78.501.735
	<u>326.735.401</u>	<u>300.732.002</u>

Meðalfjöldi stöðugilda 20 20

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2022	2021
Aðrar vaxtatekjur	9.775.022	957.800
	<u>9.775.022</u>	<u>957.800</u>

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Fjármagnstekjkattur	(2.106.031)	(6.802)
Gengistap	111	(2.543)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(78.845.787)	(50.521.383)
Önnur vaxtagjöld	(662.023)	(714.839)
	<u>(81.613.730)</u>	<u>(51.245.567)</u>

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Sorprennsla	þjónustubyggingar og gámaplön	Gröfur, bílar og lyftarár	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða 1.1.2021	1.423.015.933	146.797.861	39.147.070	202.877.620	1.811.838.484
Eignfært á árinu	3.196.361	39.487.081	2.303.024	37.959.998	82.946.464
Staða 1.1.2022	1.426.212.294	186.284.942	41.450.094	240.837.618	1.894.784.948
Eignfært á árinu	21.315.799	17.380.092	32.069.600	34.956.306	105.721.797
Selt og aflagt á árinu	0	0	(21.834.900)	0	(21.834.900)
Staða 31.12.2022	1.447.528.093	203.665.034	51.684.794	275.793.924	1.978.671.845
Afskriftir					
Staða 1.1.2021	555.833.872	41.417.787	16.824.471	87.147.487	701.223.617
Afskrift ársins	32.634.763	4.612.000	3.363.362	11.460.813	52.070.938
Staða 1.1.2022	588.468.635	46.029.787	20.187.833	98.608.300	753.294.555
Afskrift ársins	33.274.911	5.218.802	8.009.537	15.094.626	61.597.876
Selt og aflagt á árinu	0	0	(18.600.900)	0	(18.600.900)
Staða 31.12.2022	621.743.546	51.248.589	9.596.470	113.702.926	796.291.531
Bókfært verð					
Staða 1.1.2021	867.182.061	105.380.074	22.322.599	115.730.133	1.110.614.867
Staða 1.1.2022	837.743.659	140.255.155	21.262.261	142.229.318	1.141.490.393
Staða 31.12.2022	825.784.547	152.416.445	42.088.324	162.090.998	1.182.380.314
Afskriftarhlutföll	2-6%	2-4%	12-15%	7-20%	

Sérstakt endurmat

Í árslok 2014 var nýtt heimild 31. greinar laga nr. 3/2006 um ársreikninga til sérstaks endurmats vélbúnaðar Kölku. Endurmatið fólst í að hækka bókfært verð brennslustöðvarinnar til samræmis við núvirði á vélbúnaði Kölku. Verkfræðistofan Mannvit framkvæmdi sílt mat í lok ársins og var núvirði vélbúnaðarins samkvæmt úttekt þeirra 861,8 milljónir króna, en núvirði er reiknað út frá nývirði, áætluðum liftíma og ástandsmati eigna. Bókfært verð vélbúnaðarins var í árslok 2014 378,1 milljón króna og endurmatið því 483,7 milljónir króna. Endurmatið var afskrifað á árinu 2022 um 13,8 milljónir króna.

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok:

	Fasteigna- mat	Vátrygginga- mat
Fasteignir og löðir	511.590.000	1.133.540.000
Vélar og tæki, eignatryggingar		1.571.511.441
Rekstrarstöðvunartrygging		171.850.588

7. Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Eignarhlutar í dótturfélögum:			
Berghólabraut ehf., Berghólabraut 7, Reykjanesbæ	100,00%	500.000	500.000
Breyting eignarhluta í dóttur- og hlutdeildarfélögum greinist þannig:			
Staða í ársbyrjun		2022	2021
		500.000	500.000
Staða í árslok		500.000	500.000

Vegna smæðar dótturfélags og sbr. ákvæði 70. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga er ekki gerður samstæðureikningur.

Skýringar

8. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:	Stofnframlög sveitarfélaga	Sérstakt endurmat	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2021	200.050.000	380.518.237	(93.220.915)	487.347.322
Endurmat fastafjárm.		(13.847.543)	13.847.543	0
Hagnaður ársins			154.307.915	154.307.915
Eigið fé 1.1.2022	200.050.000	366.670.694	74.934.543	641.655.237
Endurmat fastafjárm.		(13.847.543)	13.847.543	0
Hagnaður ársins			162.695.266	162.695.266
Eigið fé 31.12.2022	200.050.000	352.823.151	251.477.352	804.350.503

9. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2022	31.12.2021
Skuldir í íslenskum krónum	536.466.430	568.892.134
Næsta árs afborganir langtímask.	536.466.430	568.892.134
Langtímaskuldir í árslok	(16.194.394)	(16.537.759)
	520.272.036	552.354.375

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2022	31.12.2021
Næsta árs afborganir	16.194.394	16.537.759
Afborganir 2024/2023	16.913.066	17.213.716
Afborganir 2025/2024	17.663.632	17.919.671
Afborganir 2026/2025	18.447.506	18.656.955
Afborganir 2027/2026	19.266.166	19.426.957
Afborganir síðar	451.571.840	479.137.076
	540.056.604	568.892.134

Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:

	31.12.2022	31.12.2021
Skuldir við lánastofnanir.....	4,35%	4,38%

Skýringar

10. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir féluginum, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengd félög árið 2022: Upphæðir með vsk	Kröfur	Skuldir	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur
Sveitarfélagið Vogar	121.056	-	43.860	35.384.760
Suðurnesjabær	493.041	-		83.774.562
Grindavíkurbær	-	-	12.475	71.652.899
Reykjanesbær	830.275	-	10.383.686	506.940.022
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	-	263.912	2.407.790	3.770
Berghólabraut ehf.		333.681		
	1.444.372	597.593	12.847.811	697.756.013

Viðskipti við tengd félög árið 2021: Upphæðir með vsk	Kröfur	Skuldir	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur
Sveitarfélagið Vogar	0	0	52.360	30.291.089
Suðurnesjabær	7.799	0	0	77.692.597
Grindavíkurbær	0	0	11.468	67.335.904
Reykjanesbær	163.636	0	9.565.975	472.414.365
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	3.168	239.346	2.234.981	4.503.168
Berghólabraut ehf.	0	333.681	0	0
	174.603	573.027	11.864.784	652.237.123

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og ef um ótengda aðila væri að ræða.

11. Reikningsskilaðferðir

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikningi.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vörum flyttjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vörum. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímabundnum gengi þjónustanum hefur verið innt af hendi, eða samhlíða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframminnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendi mynt eru umreknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

Skýringar

11. Reikningsskilaaðferðir frh.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinnungur tengdur eigninni muni nýtast félagini og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignunum í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Verðmatshækkanir vegna endurmats eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskattáhrifum. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð grundvallast af því hvort fjárfestir; hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni, og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinnning sinn af fjárfestingunni. Eignarhlutar í dótturfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og því færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeilda í rekstri og annarra breytinga á eigin fé, og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefnikostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Dagverð er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu vara og áætluðum sölukostnaði.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárúststeymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.